Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

**Kennsluáætlun haustið/vorið 2019-2020**

# Textílmennt í 1. Bekk

Í textílmennt eru fjórar kennslustundir fjórðung úr vetri. Kennari er Ólöf Linda Sigurðardóttir.

## Vinnulag

Kennslustundir eru að mestu verklegar með sýnikennslu frá kennara. Einnig fá nemendur fræðslu um meðferð áhalda og tækja og mögulega áhættu ef aðgát er ekki viðhöfð við notkun þeirra. Nemendur vinna einir að sínu viðfangsefni og notuð er hugtök sem tengjast textílmennt og ætlast er til að nemendur temji sér notkun þeirra.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: vefnaður og púði. Nemendur læra að nota til þess nokkrar aðferðir.

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: furðudýr.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Frá hugmynd að hlut.**<br>**lita með taulitum**<br>**vefnaður**<br>**vélsaumur** | Ýmiskonar efni, taulitir og garn frá kennara. | Nemandi getur ...<br>• unnið eftir ferli frá hugmynd til afurðar<br>• sýnt skapandi og vönduð vinnubrögð<br>• farið eftir fyrirmælum<br>• notað einfaldan vefnað<br>• gengið frá eftir vinnu sína | leiðsagnarmat<br>símat |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ólöf Linda Sigurðardóttir